

Föstudaginn 3. febrúar 1939.

Nr. 115/1938. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)  
**gegn**

**Stanley Edwin Tate** (Lárus Fjeldsted).

Togaraskipstjóri dæmdur fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi.

### **Dómur hæstaréttar.**

Með hliðsjón af gullgildi íslenzkrar krónu, sem nú er 46.44, ákveðst sekt kærða kr. 21550.00, og telst greiðslufrestur hennar 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Og með því að fallast má á forsendur og niðurstöðu hins áfrýjaða dóms að öðru leyti, ber að staðfesta hann með þessum breytingum.

Eftir þessum málalokum verður að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 120 krónur til hvors.

### **Því dæmist rétt vera:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að sektin ákveðst kr. 21550.00 og að greiðslufrestur hennar telst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Stanley Edwin Tate, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Lárusar Fjeldsted, 120 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lög-  
um.

**Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 29. okt. 1938.**

Ár 1938 laugardaginn 29. október var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var á lögreglustöðinni í forföllum lögreglustjóra af Ragnari Jónssyni fulltrúa hans, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2029/1938: Valdstjórnin gegn Stanley Edwin Tate.

Kærður, Stanley Edwin Tate, til heimilis 61 Freihold Street, Hull, Englandi, er skipstjóri á togaranum Flemming, H. 3. Hann hefir ekki áður sætt kærum fyrir brot gegn landhelgilöggjöfinni.

Málið er höfðað gegn honum fyrir brot gegn lögum nr. 5 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4 1924. Það var rannsakað og dómtekið í dag.

Í dag kl. 11,14 stöðvaði varðskipið Óðinn togarann Flemming H. 3, þar sem hann var að veiðum í Garðsjó. Setti varðskipið þar út bauju. Kl. 11,36 setti varðskipið út vegmæli við baujuna, er stilltur var á 0,0, og hélt síðan á Garðskagabauju, er sást beint framundan í stefnu réttvisandi 168°. Við Garðskagabauju sýndi vegmælirinn 1,6, og gefur það stað togarans um 0,8 sjómilu innan landhelgilínu. Dýpi við bauju varðskipsins var 42 metrar.

Kærður var viðstaddur þessa mælingu varðskipsins, viðurkenndi þegar brot sitt og óskaði ekki eftir því, að beðið væri þess, að unnt væri að gera frekari athuganir, en dimmviðri var á um þetta leyti.

Fyrir réttinum hefir kærður viðurkennt landhelgibrot sitt. En hann hefir haldið því fram, að það hafi orðið óviljandi. Hann segist hafa kastað rúmum 2 klst. áður en hann var stöðvaður af varðskipinu. Skygni var svo slæmt að hann treysti sér ekki til að taka mið, en hann kveðst hafa fylgt með dýpinu og samkvæmt því hafa talið sig vera utan landhelgi.

Brot kærðs varðar við 1. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 5 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4 1924. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin kr. 21100.00 sekt, og er þá tekið tillit til þess, að gullgengi islenzkrar krónu er í dag kr. 47.59. Sektin renni í landhelgisjóð Íslands. Verði

hún ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, afpláni kærður hana með 7 mánaða einföldu fangelsi. Þá skal og allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Flemming, H. 3, upptækt gert og andvirðið renna í sama sjóð. Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Málið hefir verið rekið víðalaust.

#### **Því dæmist rétt vera:**

Kærður, Stanley Edwin Tate, greiði kr. 21100 í sekt til landhelgisjóðs Íslands.

Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 7 mánuði.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Flemming H. 3, sé upptækt gert til sama sjóðs.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 3. febrúar 1939.

**Nr. 117/1938. Réttvísing og valdstjórnin**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

**Arnold Pedersen** (Lárus Jóhannesson).

Bifreiðarstjóra dæmd refsing fyrir að hafa valdið mannsbana af gáleysi.

#### **Dómur hæstaréttar.**

Ákærði ók bifreið þeirri, er í máli þessu getur, yfir nokkuð djúpan poll skömmu áður en hann kom að Tungufljóti þann 20. ágúst f. á. Eftir umbúnaði hemlaborða bifreiðarinnar, sem honum hlaut að